

MegaMenntabúðir Fréttir

Miðvikudaginn 28. september síðastliðinn voru haldnar Mega Menntabúðir.

Um 100 þátttakendur mættu og tóku virkan þátt í viðburðinum sem var sameiginlegt átak Menntamiðju, UT-torgs, Sérkennslutorgs, Náttúrutorgs, Tungumálatorgs, Nýsköpunartorgs, Stærðfræðitorgs, Rannum, Reykjavíkurborgar og Landskrifstofu eTwinning.

Alls fóru fram 21 mjög fjölbreyttar kynningarnar, þær voru eftirfarandi:

Ármann Halldórsson frá [Verslunarskóla Íslands](#) kynnti hermi- og hlutverkaleikinn [Klappland](#).

Stefán Bergsson frá [Skáksambandi Íslands](#) kynnti verkefnið „[Kennari verður skákkennari](#)„.

Hróbjartur Árnason frá [HÍ](#) kynnti forritin [Office Mix](#) og [Onenote Classroom](#).

Björn Leví Gunnarsson og Pröstur Bragason frá [Menntamálastofnun](#) kynntu [Micro Bit smátölvuna](#).

Ásta Ólafsdóttir frá [Réttarholtsskóla](#) kynnti verkefnið „[Creating games using Scratch](#)„.

Guðmundína Arndís Haraldsdóttir og Rósa Harðardóttir frá [Kelduskóla](#) og [Langholtsskóla](#) kynntu verkefnið „[Book it](#)„!

Bergþóra Þórhallsdóttir frá [Kópavogsskóla](#) kynnti forritið [Keywe](#).

Hrefna Björk Sigurðardóttir og Anna Wahlström frá [Leikskólanum Holti](#) kynntu verkefnið „[The four headed dragon](#)„.

Sólveig Þórarinsdóttir frá [Leikskólanum Ösp](#) kynnti verkefnið „*Kulturudveksling*„.

Hlíf Magnúsdóttir frá [Selásskóla](#) kynnti verkefnið „*Grimmi tannlæknirinn*„.

Sigurþór Einarsson, kennaranemi við [HÍ](#) kynnti forritið [Yammer](#).

Þorbjörg Guðmundsdóttir frá [Akurskóla](#), Reykjanesbæ, kynnti danska Dúkkulísuverkefnið.

Ólöf Ágústína Stefánsdóttir frá [Langholtsskóla](#) kynnti hugleiðingar um textílmennt.

Björgvin Ívar Guðbrandsson frá [Langholtsskóla](#) kynnti Kvíkukassa.

Margrét S. Björnsdóttir frá [HÍ](#) kynnti forritið [GeoGebra](#).

Tinna Breiðfjörð Guðjónsdóttir frá [Félagsmiðstöðinni Laugó](#) kynnti óformleg UT-studd námskeið.

Erla Stefánsdóttir frá [Mixtúra margmiðlunarverji SFS](#) kynnti forritið [Reco Live](#).

Hans Rúnar Snorrason frá [Hrafnagilsskóla](#) kynnti verkefnið „*e-Window*„.

Elín Þóra Stefánsdóttir frá [Grunnskóla Bolungarvíkur](#) kynnti verkefnið „*e-Show*„ og [Username: children Password: right](#).

Salvör Gissurardóttir frá [HÍ](#) kynnti [Office 365](#) forritin [Forms](#), [Sway](#) og [QR-kóða](#).

Hjördís Ýrr Sveinsdóttir frá Hraunvallaskóla kynnti verkefnið „*Blastic*„.

Í lok dags veittu Ágúst Hjörtur Ingbórsson og Guðmundur Ingi Markússon fulltrúar frá Landskrifstofa eTwinning ofangreindum

eTwinning verkefnum gæðamerki eTwinning. Sérstök landsverðlaun voru veitt [Grunnskóla Bolungarvíkur](#) fyrir verkefnið [Sound by sound step by step together](#), sem er samstarfsverkefni fjögurra landa og sameinar list, tónlist, leiklist og látbragðsleik.

[Sjá nánar á vef Landskrifstofu eTwinning.](#)

Þessa dagana heldur [iNámskeið](#) eTwinning námskeið fyrir leik-, grunn- og framhaldsskólakennara. Í boði eru tvö námskeið annars vegar staðnámskeið og hins vegar fjarnámskeið. [Smelltu hér til að skoða auglýsinguna.](#)

Myndirnar hér fyrir neðan voru teknar á Menntabúðunum





